



# LIS2A05 – Yfirlit listasögu

Námsáætlun, haustönn 2024

**Kennari/kennarar:**

**Þorbjörg Matthíasdóttir**

**Netfang/netföng:**

**thorbjorg.matthiasdottir@borgo.is**

## Lýsing:

Í áfanganum kynnst nemendur völdum tímabilum í listasögunni, frá list Forn-Grikkja til upphafs módernismans á síðari hluta 19. aldar. Farið verður yfir mikilvægustu kafla úr listasögunni, kynntir verða helstu straumar, stefnur og áhrifavaldar. Kynntir verða helstu listamenn frá ýmsum tímabilum. Í síðari hlutanum er rakin saga samtímalistar og farið yfir helstu stefnur, straumar og listamenn. Fjallað verður um ýmsar byltingarkenndar hugmyndir sem fram hafa komið um listina, jafnt sem tilkomu nýrra miðla og aðferða.

## Þekking, leikni, hæfni:

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu stefnum og straumum valinna tímabila í listasögu vesturlanda
- samfelldri sögu listar á vesturlöndum frá upphafi til dagsins í dag
- grundvallarhugtökum í listasögunni
- skilja gildi listasögunnar í félagslegu samhengi
- hvernig samfélag og tíðarandi hefur áhrif á listina

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita sér upplýsinga með lestri bóka og notkun upplýsingaveitna
- greina ólíka stíla og innihald myndlistar á þeim tíma sem um er fjallað
- vinna með öðrum nemendum að greiningu myndverka og miðla henni munnlega og sjónrænt

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina myndverk út frá myndbyggingu, formum, litanotkun, inntaki, stíl og efnistöfum.
- tengja þróun í myndlist við aðrar listgreinar og samfélagslegar og hugmyndafræðilegar hræringar á hverjum tíma
- miðla þekkingu sinni á myndlist og hönnun munnlega, skriflega og sjónrænt með greiningarhugtökum úr listsagnfræði

**Námsmat:**

Áfanginn er símatsáfangi, í því felst að nemendur vinna ólík verkefni sem öll eru metin til einkunnar. Nemandi þarf að ljúka a.m.k 80% af námsmatsþáttum áfangans til að útskrifast úr áfanganum. Sundurliðað námsmat er í töflu yfir námsþætti.

**Námsgögn:**

Námsgögn frá kennara á námsvef Innu.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Enginn bókakostnaður er við áfangann en nemendur gætu þurft að greiða aðgangseyri að listviðburði

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	19.-23. ágúst	Kynning á áfanga og vinnu vetrar. Forsögulist.	
35	26.-30. ágúst	Forsögulist	1. Verkefni 10%
36	2.-6. sept.	Forngríkkir	2. Verkefni 10%
37	9.-13.sept.	Rómarveldi	
38	16.-20.sept	Miðaldir	Vörðuvika I 3. Verkefni 25%
39	23.-27. sept.	Endurreisn	
40	30.sept.- 4. okt.	Barokk og Rókókó	4. Verkefni 10%
41	7.-11. okt.	Nýklassík	
42	14.-18. okt.	Impressionismi og post-impessionismi	5. Verkefni 10%
43	21.-23. okt.	Impressionismi og post-impessionismi	<i>Hausthlé</i>
44	29. okt.-1. nóv.	Expressionismi og kúbismi	6. Verkefni 10%
45	4.-8. nóv.	Abstrakt, dadaismi og súrrealismi	Vörðuvika II.
46	11.-15. nóv.	Abstrakt, dadaismi og súrrealismi	7. Verkefni 10%
47	18.-22. nóv.	Popplíst	
48	25.-29. nóv	OP-Art og minimalismi	8. Verkefni 10%
49	2.-6. des.	Samtímalist	
50	9.-12. des	Samtímalist	Síðasti kennsludagur 9. Verkefni 5%

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*